

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

410. fundur

Föstudaginn 12. september 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Ragnhildur Jónsdóttir (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fjárhagsáætlun 2026

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2026. Helstu forsendur eru þjóðhagsspá frá júlí 2025. Áætlun er skipt upp miðað við að starfsemi verði með sambærilegum hætti árið 2026, milli Strætó, Pant og nýs félags. Vinna að fjárhagsáætlun nýs félags þarf að vinna nánar með forsvarsmönnum félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að boða til annars fundar fljótlega til frekari umræðu varðandi þennan lið.

2. Hleðsluútboð

Tilboð voru opnuð 5. september og bárust tilboð frá 6 aðilum. Ráðgjafar Strætó eru að fara yfir tilboðin. Ragnhildur Jónsdóttir vék af fundi undir umræðu um þennan lið.

3. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi.

Sigurborg Þórarinsdóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs fór yfir tillögu að endurbættri EKKO stefnu.

Stjórn samþykkir nýja stefnu í samræmi við umræður.

4. Útboð

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu varðandi að Strætó óski eftir tilboðum í leigu á rafvögnum. Málið verður skoðað áfram.

5. Fargjaldatekjur

Markús Vilhjálmsson, sviðstjóri sölu-, markaðs- og þjónustumála fór yfir fargjaldagreiningu á vöruflokkum Strætó.

6. Aðgengi fyrir öll

Strætó í samstarfi við Blindrafélagið hefur hannað lausn sem auðveldar aðgengi blindra- og sjónskertrar að almenningssamgöngum. Búið er að setja upp lausnina við leið 13 og 14. Næstu skref eru að setja þetta upp á öllum leiðum.

7. Breytingarstjórnun og staða stofnunar nýs félags

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og hvað er framundan varðandi stofnun nýs félags

8. Hljóðmælingar

Reglulega koma ábendingar um hljóðmengun frá vögnum. Mælt var hljóðstig vagna og eru þau í samræmi við reglugerð um hljóðstig.

9. Innri endurskoðun

Samningur við Deloitte er að renna út varðandi innri endurskoðun. Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við Deloitte.

10. Suðurgata

Tekið var fyrir erindi frá íbúa við Suðurgötu. Framkvæmdastjóra falið að svara.

Fundi slitið 9:30

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Ragnhildur Jónsdóttir